

## Samfélagsnefnd

**Fundur í Végarði**, þriðjudaginn 29. janúar, kl. 14-~~xxx~~.

Mætt: Arna Björg Bjarnadóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Signý Ormarsdóttir og Þórhallur Jóhannsson. Lárus Heiðarsson mætti kl. 15.30.

Á fundinum var farið lið fyrir lið yfir þau verkefni nefndarinnar sem ákveðin voru að skyldu vera hennar á sameiginlegum fundi með hreppsnefnd, varamönnum hennar og Sigurborgu Kr. Hannesdóttur þann 11. desember síðastliðinn. Sigurborg telur þessi verkefni upp í samantektarskjali sem hún sendi eftir fundinn.

### **1. Bls. 7 "Að senda dreifimiða á alla íbúa sveitarinnar þar sem nefndin og hennar starf verður kynnt"**

Samín voru drög að kynningartexta sem verða send út samhliða og boð á samfélagsfundinn.

### **2. Bls. 8. "Verkefnastjórn skoði nánar þau þrjú málefni sem hópurinn um stig þátttöku setti í dálkinn "Upplýsa" þ.e. "Húsnæðisáætlun, jarðrækt og atvinnutækifæri" ... ."**

Nefnin ákvað að í kynningarbréfi (dreifimiða) verði vísað á húsnæðisáætlun og fleiri gögn inn á heimasíðu Fljótaldalshrepps.

### **3. Bls. 8. "Mælt er með að verkefnastjórn geri tillögu til sveitarstjórnar um hlutverk sitt og hvernig samstarfi milli þessara aðila verði háttað".**

Erindisbréf til sveitarstjórnar var uppfært.

### **4. Bls. 9. "Mikilvægt er að verkefnastjórn og hreppsnefnd eigi reglulega samtal..."**

Samfélagsnefndin ákvað að formaður nefndar skuli kynna starf hennar á fundi hreppsnefndar fyrir sumarfrí og oftast ef þess þykir þörf. Að öðru leiti verða fundargerðir sendar á hreppsnefnd og þar með til opinberrar birtingar.

### **5. Dagsetning og húsnæði fyrir samfélagsþing.**

Ákveðið var að haldið yrði samfélagsþing í mars. Kanna þarf betur dagssetningar. Áhugi var á að halda samfélagsþingið annað hvort á

Fljótsdalsgrund eða í Snæfellsstofu þar sem framkvæmdir standa yfir í Végarði fram að páskum.

## **6. Umsókn til Uppbyggingarsjóðs**

Umsókn nefndarinnar til Uppbyggingarsjóðs fyrir þremur málþingum var hafnað. Ákveðið var í stað málþinganna að standa fyrir Fimmtudagskvöldum í Fljótsdal. Arna og Jóhann munu kanna möguleika á fyrirlesurum á fyrstu tveimur málþingunum.

Fundi slitið kl. Xxx